



Grant Thornton

An instinct for growth™



# Reykjavíkurborg

Endurskoðunarskýrsla vegna endurskoðunar ársreiknings 2018

30. apríl 2019





# Grant Thornton

An instinct for growth™

30. apríl 2019

Bæjarstjórn Reykjavíkurborgar  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**  
**Suðurlandsbraut 20**  
**108 Reykjavík**

Skýrsla þessi er gerð í tengslum við vinnu okkar við endurskoðun á ársreikningi Reykjavíkurborgar vegna ársins 2018 sem lagður verður fyrir borgarstjórn til fyrri umræðu þann 7. maí 2019. Við munum árita hann samhliða afgreiðslu og áritun borgarstjórnar við síðari umræðu með fyrirvaralausri áritun, komi ekki fram mikilvægar upplýsingar sem gætu haft áhrif á álit okkar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Reykjavíkurborgar á árinu 2018, efnahag hennar 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og aðrar reglur um reikningsskil sveitarfélaga.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka.

Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits er varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni á innra eftirliti samstæðunnar. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Sturla Jónsson og Theodór S. Sigurbergsson árita ársreikning borgarinnar fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf. Báðir eru löggiltir endurskoðendur og eigendur hjá Grant Thornton.

Grant Thornton endurskoðun ehf. var kosið endurskoðunarfyrirtæki Reykjavíkurborgar á árinu 2018 til 5 ára. Er því lokið endurskoðun á fyrsta ársreikningi tímabilsins.

f.h. Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Theodór S. Sigurbergsson  
Löggiltur endurskoðandi

J. Sturla Jónsson  
Löggiltur endurskoðandi

# Kafli 1

## Um endurskoðunina og helstu áherslur



# Um endurskoðunina



## Rammi endurskoðunar

Endurskoðendur og störf þeirra heyra undir lög nr. 79/2008 um endurskoðendur. Endurskoðendum ber að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) og alþjóðlegan staðal um gæðaeftirlit. Einnig berum við skyldur samkvæmt, sveitarstjórnarlögum, lögum um ársreikninga og öðrum sérlögum.

Öllum aðildarfélögum Grant Thornton International Ltd. er skylt að starfa eftir sömu aðferðafræði. Aðferðafræðin byggir á alþjóðlegu endurskoðunarstöðlunum. Auk þess nota aðildarfélög Grant Thornton sama skjölunarkerfi.

## Óhæðismál

Grant Thornton endurskoðun ehf. er óháður endurskoðandi félagsins. Hluti af upphafságerðum okkar er að meta hvort aðstæður séu fyrir hendi sem ógna óhæði okkar.

Allir meðlimir endurskoðunarteymisins hafa skrifað undir óhæðisýfirlýsingu gagnvart félaginu. Aðilar endurskoðunarteymisins hafa einnig undirritað trúnaðaryfirlýsingu sem afhent er félaginu.



## Fundir með stjórnendum, lykilstarfsmönnum og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Við funduðum með helstu stjórnendum og lykilstarfsmönnum borgarinnar á meðan endurskoðuninni stóð. Á þessum fundum höfum við farið yfir starfsemi og ferla Reykjavíkurborgar ásamt athugasemdum og ábendingum sem upp hafa komið. Einnig höfum við fundað með stjórnnum og stjórnendum þeirra B-hluta fyrirtækja sem endurskoðunin náði til.

Við höfum átt fundi með endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar nokkrum sinnum yfir árið. Á þeim fundum höfum við farið yfir álitamál sem upp hafa komið við endurskoðunina. Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar er jafnframt endurskoðunarnefnd flestra B-hluta fyrirtækja.



## Ráðningarbréf

Við höfum útbúið ráðningarbréf vegna endurskoðunar reikningsársins 2018 og fengið undirritað af borgarstjóra. Þá gildir verksamningur gerður við Reykjavíkurborg og tilgreind B-hluta fyrirtæki dags. 11. júlí 2018. Samningurinn byggir á tilboði sem lagt var fram af okkur í kjölfar útboðs Reykjavíkurborgar og tilgreindra B-hluta fyrirtækja haustið 2017.

# Um endurskoðunina



## Framsetning ársreiknings

Starfsemi Reykjavíkurborgar er skipt í A-hluta og B-hluta. Til A-hluta telst Aðalsjóður og Eignasjóður. Til B-hluta teljast þau fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu borgarinnar og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Grant Thornton endurskoðun ehf. eru kjörnir endurskoðendur flestra fyrirtækja sem teljast til B-hluta, nánar tiltekið Orkuveitu Reykjavíkur, Faxaflóahafna sf., Félagsbústaða hf., Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf., Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., SORPU bs, Strató bs. og Aflvaka hf.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög og reglugerðir um framsetningu og ársreikninga sveitarfélaga. Orkuveita Reykjavíkur og Félagsbústaðir hf. gera ársreikninga sína í samræmi við Alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS en reikningsskil þeirra eru færð óbreytt í samanteknum ársreikningi fyrir A- og B-hluta.



## Mikilvægismörk endurskoðunarinnar

Mikilvægismörk eru einn af grunnþáttum endurskoðunar en þau marka umfang endurskoðunaraðgerða.

Heildarmikilvægismörk A- og B-hluta höfum við ákvarðað 0,5% af heildareignum eða 2.900 m.kr. og sérstök mikilvægismörk sem dreift er yfir einstaka liði nema 1.700 m.kr.

Heildarmikilvægismörk A-hluta höfum við ákvarðað 0,5% af rekstrartekjum eða 935 m.kr. og sérstök mikilvægismörk sem dreift er yfir einstaka liði nema 560 m.kr.



## Helstu áhersluatriði og áhættuþættir

Endurskoðun er áhættumiðuð. Í því felst að okkur ber að skilgreina og tilgreina í hvaða liðum reikningsskilanna og í hvaða staðhæfingum áhætta á rangfærslum sé helst að finna. Þar sem veruleg áhætta á rangfærslum í reikningsskilunum liggur fyrir ber okkur að bregðast sérstaklega við með viðeigandi endurskoðunaraðgerðum.

Helstu áhættuþættir sem skilgreindir voru við endurskoðunina eru:

- Mat á gangvirði framleiðslukerfa rafmagns (OR) - lykilatriði
- Mat innbyggðra afleiða í raforkusamningum (OR) - lykilatriði
- Innlausn tekna (allar einingar) - lykilatriði
- Nákvæmni og tilvist varanlegra rekstrarfjármuna (A-hluti, OR) - lykilatriði
- Veiting stofnframlaga (A-hluti, Félagsbústaðir)
- Mat lífeyrisskuldbindinga (A-hluti)
- Mat fjárfestingareigna (Félagsbústaðir)
- Viðskipti við tengda aðila og innan samstæðu (öll félög)
- Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti (allar einingar)
- Skuldbindingar utan efnahags (A-hluti)

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2018. Gerð er sérstaklega grein fyrir þeim í áritun okkar á ársreikninginn.



# Um endurskoðunina



## Endurskoðun í fyrsta skiptið

Við höfum framkvæmt aðgerðir sem teljast hluti af endurskoðun ársins vegna endurskoðunar í fyrsta skipti. Þessar aðgerðir eru helstar:

- Yfirferð og skráning á viðskiptaferlum og helstu þáttum innra eftirlits.
- Yfirferð og skráning á tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar og allra B-hluta félaga. Í þeirri skoðun er sérstaklega lögð áhersla á það hvernig stjórnun aðgangsstýringar er háttað í lykilverfum.
- Yfirferð afstemminga frá fyrra ári á völdum liðum og öflun ytri staðfestinga á ákveðnum liðum þegar það átti við.
- Yfirferð á reikningshaldslögri meðferð á helstu liðum ársreiknings A- og B-hluta til að staðfesta samkvæmni við reikningsskilareglur.
- Yfirferð á matskenndum liðum með það að markmiði að staðfesta samkvæmni við núverandi aðferðafræði.
- Samskipti við fyrri endurskoðendur.



## Veikleikar í innra eftirliti

Við endurskoðun okkar höfum við aflað okkur þekkingar á rekstrarumhverfi og innra eftirliti Reykjavíkurborgar. Ef við verðum vör við verulega ágalla í innra eftirliti ber okkur að upplýsa borgarstjórn og endurskoðunarnefnd um slíka ágalla skriflega og er þá gerð grein fyrir þeim í þessari skýrslu. Þá höfum einnig tekið saman ýmsar ábendingar og athugasemdir er varðar innra eftirlit og ferli við gerð reikningsskila í sérstaka skýrslu. Sjá nánar í kafla 3.



## Óleiðréttar skekkjur

Skekkjur fundust við endurskoðun okkar sem reyndust yfir skráningarmörkum og hafa ekki verið leiðréttar í reikningsskilunum. Skekkjurnar eru ekki þess eðlis að hafa áhrif á álit okkar á reikningsskilunum, hvorki samanlagðar né einar og sér. Þeim hefur verið safnað saman á lista sem lagður er fyrir stjórnendur til upplýsinga og staðfestingar.

Samanlögð skekkja er í rekstrarniðurstöðu A-hluta sem nemur 43,3 m.kr. og er eigið fé vanmetið sem nemur sömu fjárhæð. Þá eru eignir vanmetnar um 93,6 m.kr. og skuldir vanmetnar um 345,4 m.kr. Þá er flokkunarmunur meðal eignaliða, sá hæsti nemur 374 m.kr.

Samanlögð skekkja er í rekstrarniðurstöðu A-hluta sem nemur 9,6 m.kr. og er eigið fé ofmetið sem nemur sömu fjárhæð. Þá eru eignir ofmetnar um 73,5 m.kr. og skuldir vanmetnar um 194,4 m.kr. Þá er flokkunarmunur meðal eignaliða, sá hæsti nemur 374 m.kr.

# Helstu áherslur við endurskoðun

## Mat á gangvirði framleiðslukerfa

Dreifikerfi og framleiðslukerfi Orkuveitu Reykjavíkur eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningi A- og B-hluta, sem er gangvirði þeirra á endursmatsdegi að frádregnum afskriftum frá þeim tíma. Endurmat eigna er fært yfir eigið fé. Endurmat ársins 2018 nam 3,7 ma.kr. samanborið við 11,6 ma.kr. endurmat árið 2017.

Endurmatið er byggt á gangvirði en gangvirðið er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnverði. Endurstofnverðið byggir á breytingu á byggingarvísitölu ef breytingin telst veruleg. Endurmat eigna er þó takmarkað við fjárhæð sem nemur núvirtu sjóðstreymi tekjuaflandi eininga. Núvirt sjóðstreymi er mjög næmt fyrir forsendum sem háðar eru mati stjórnenda. Af þeim sökum höfum við skilgreint mat dreifi- og framleiðslukerfa sem verulega áhættu við endurskoðunina.

Við höfum yfirfarið ferli OR við mat á varanlegum fastafjármunum. Við förum yfir aðferðafræði félagsins og lögðum mat á forsendur stjórnenda með samanburði á opinberum upplýsingum þar sem það á við. Í þeim tilvikum þar sem forsendur eru ekki rekjanlegar við opinberar upplýsingar leggjum við sjálfstætt mat á þær. Við förum einnig yfir virkni líkansins sem félagið notar við matið. Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur notaður til aðstoðar.



## Mat innbyggðrar afleiðu

Innbyggð afleiða í raforkusölusamningum Orkuveita Reykjavíkur er færð sérstaklega þar sem verð ákveðinna raforkusamninga við stórnotendur eru bundnir við álverð. Þar sem áhætta á sölu á rafmagni og álverði er ekki nátengd gera reikningsskilastaðlar kröfu um að áhættan er snýr að tengingu við álverð sé metin sérstaklega.

Innbyggðar afleiður raforkusölusamninga eru færðar til eignar eða skuldar á efnahagsreikningi á gangvirði á uppgjörstigi og gangvirðisbreyting ársins er færð í rekstrarreikning. Áhrif innbyggðar afleiðu á ársreikninginn eru eftirfarandi:

	2018	2017
Gangvirði innbyggðra afleiða í ársbyrjun.....	2.224	-10.319
Breyting á gangvirði.....	-7.541	12.543
Gangvirði innbyggðra afleiða í árslok.....	-5.317	2.224

Mat innbyggðrar afleiðu er háð forsendum stjórnenda sem og ytri þáttum. Sökum þess hversu viðkvæmt matið er gagnvart breytingum í forsendum teljum við þessa áhættu vera verulega.

Við höfum yfirfarið ferli Orkuveitunnar við mat á innbyggðu afleiðunni. Við förum yfir aðferðafræði félagsins við matið og bárum saman forsendur við opinberar upplýsingar þar sem þær liggja fyrir og lögðum mat á aðrar forsendur.

Við endurreiknuðum virði afleiðunnar miðað við þær upplýsingar sem við öfluðum. Við förum einnig yfir virkni líkansins sem félagið notar við matið. Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur notaður til aðstoðar.



# Helstu áherslur við endurskoðun

## Innlausn tekna

Allar rekstrareiningar



Við endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar, sem og við endurskoðun B-hluta fyrirtækja, er sérstök áhersla lögð á innlausn tekna. Er það ekki síst í ljósi þeirra krafna endurskoðunarstaðla að sviksemisáhætta sé jafnan bundin tekjuskráningu. Tekjum sveitarfélagsins má gróflega skipta í þrennt, skatttekjum, framlagi jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og aðrar sértekjur sviða og B-hluta félaga. Tekjur skiptast svo:

	2018	2017	%
Útsvar	74,3	68,7	8%
Fasteignaskattar	18,4	16,3	13%
<b>Skatttekjur samtals</b>	<b>92,7</b>	<b>85,0</b>	<b>9%</b>
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	7,4	7,2	2%
Sértekjur sviða	16,1	16,6	-3%
Sala byggingarréttar og söluhagnaður eigna	5,5	6,9	-20%
<b>Tekjur A-hluta samtals</b>	<b>121,7</b>	<b>115,8</b>	<b>5%</b>
Orkuveita Reykjavíkur	45,9	43,7	5%
Faxaflóahafnir sf.	4,0	3,7	7%
Félagsbústaðir hf.	4,0	3,7	10%
Íþrótt- og sýningahöllin hf.	0,5	0,4	21%
Malbikunarstöðin Höfði hf.	2,0	1,8	8%
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	2,9	2,8	5%
Sorpa Bs.	4,2	3,7	12%
Strætó bs.	8,3	7,7	7%
Milliviðskipti	-11,6	-10,4	11%
<b>Tekjur A- og B-hluta samtals</b>	<b>181,9</b>	<b>172,9</b>	<b>5%</b>

Við endurskoðun á tekjum höfum við lagt mat á eftirlitsþætti í tekjukerfum hverrar rekstrareiningar fyrir sig. Þá höfum við prófað ákveðna eftirlitsþætti er snúa að skráningu tekna. Við höfum skoðað og lagt mat á tölvueftirlitsumhverfi hverrar einingar þ.s. við höfum m.a. farið yfir hvernig aðgangsstýringum er háttáð inn í fjárhagskerfi og í undirkerfi er snúa að tekjuskráningu.

Við höfum beitt gagnaendurskoðunaraðgerðum þar sem við höfum m.a. beðið um staðfestingu ákveðinna viðskiptavina á veltu og viðskiptastöðu um áramót eða staðfest viðskiptastöðu með öðrum hætti.

Við höfum einnig framkvæmt greiningaraðgerðir út frá magn- og verðaukningu þar sem við höfum borið saman væntingar okkar við raunverulega tekjuskráningu.

Við höfum greint sérstaka áhættu í innlausn tekna og tapsáhættu krafna vegna seldra byggingarréttar og úthlutaðra lóða í A-hluta, sjá nánar á bls 27.

Við skoðun kom í ljós skekkja í útreikningum á uppsafnaðri fjárhæð áfallinna tekna í efnahagsreikningi hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Sjá nánar á bls. 28.



# Helstu áherslur við endurskoðun

## Tilvist og nákvæmni varanlegra rekstrarfjármuna



Varanlegir rekstrarfjármunir eru stærsti einstaki efnahagsliðurinn og nemur 553,9 ma. kr. árið 2018 samanborið við 503,9 ma. kr. árið 2017 fyrir A- og B-hluta en 145,3 ma.kr árið 2018 og 128,0 ma.kr. fyrir A-hluta. Sérstök áhersla er lögð á endurskoðun varanlegra rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur.

Við förum yfir ferli við eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna, m.a. flæði verkbeidnikerfisins við fjárhagskerfið Agresso. Við prófuðum valdar eftirlitsaðgerðir er snúa að eignfærslum og framkvæmdum greiningaraðgerðir er snúa að fyrningarskrám ásamt því að endurreikna fyrningar.

Eignfærslur ársins 2018 staðfestum við með úrtaksprófunum. Við áttum í beinum samskiptum við ábyrgðaraðila verkefna, bæði í Orkuveitunni og hjá Reykjavíkurborg og förum yfir eðli og tilgang þeirra ásamt samþykki einstaka verkefna innan verkbeidna.

Við endurskoðun okkar urðum við vör við veikleika í innra eftirliti Reykjavíkurborgar og utanumhaldi við gerð fjárfestingaráætlana og eftirfylgni þeirra, sjá nánar á bls. 25-26.

## Stofnframlög vegna almennra íbúða



Reykjavíkurborg hefur veitt samtals 3.172,7 m.kr. í stofnframlög í samræmi við lög um almennar íbúðir, þ.a. 1.971,4 m.kr. á árinu 2018. Stærstur hluti stofnframlaga er til Bjarg íbúðarfélags hses. en einnig hefur borgin veitt Félagsbústöðum stofnframlög sem nema 388,4 m.kr.

Stofnframlög borgarinnar sem háð eru endurgreiðslukvöð að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og eru færð til eignar meðal eignarhluta í félögum og nema þau 2.498,7 m.kr. í árslok. Stofnframlög sem ekki eru háð endurgreiðslukvöð eru gjaldfærð.

Á árinu fór fram skoðun af okkar hálfu á meðferð móttækinnar stofnframlaga í reikningsskilum Félagsbústaða. Félagið hefur í framhaldi innleitt breytta aðferðafræði hvernig farið er með stofnframlög í reikningsskilunum og breytt framsetningu í ársreikningi.

Í Félagsbústöðum hefur verið færð upp skuldbinding vegna stofnframlaga með endurgreiðslukvöð sem færa þarf upp á hverjum reikningsskiladegi. Hún tekur mið af markaðsverði undirliggjandi eigna og tekur þannig breytingum með fasteignaverði. Til að gæta varfærni hefur sambærileg aukning á eignfærðu framlagi borgarinnar ekki verið færð og standa þau á kostnaðarverði.

# Helstu áherslur við endurskoðun

## Mat lífeyrisskuldbindinga



Lífeyrisskuldbinding sem færð er til skuldar í efnahagsreikningi A-hluta nemur 35,6 ma.kr. í árslok og nemur gjaldfærsla vegna skuldbindingarinnar 4,7 ma.kr. á árinu. Gjaldfærsla á síðasta ári nam 5,0 ma.kr.

Við mat á lífeyrisskuldbindingu Reykjavíkurborgar eru notaðar forsendur um dánar- og lífslíkur í samræmi við tillögu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga að breytingu dánar- og eftirlífendataflna frá 1. mars 2015. Þær forsendur gera ráð fyrir að dánartíðni haldi áfram að lækka og meðalævi lengist í stað þess að miða við reynslu undangenginna ára. Útreikningar lífeyrisskuldbindingar eru í höndum tryggingastærðfræðings Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb).

Við höfum yfirfarið þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar mati lífeyrisskuldbindingar. Þá höfum við fundað með tryggingastærðfræðingi, yfirfarið vinnulag hans yfir útreikninga og metið hæfi hans.

Þá höfum við beitt greiningaraðgerðum þar sem settar eru fram væntingar skuldbindingar í árslok út frá þróun í hagstærðum, réttindaávinnslu og greiðslu til lífeyrisþega.

## Mat fjárfestingareigna



Fjárfestingareignir Félagsbústaða námu 83,2 ma.kr. þann 31. desember 2018 og matsbreyting fjárfestingareigna nam 2,8 ma.kr. á árinu 2018 samanborið við 7,6 ma.kr. á árinu 2017.


Fjárfestingarfasteignir eru fasteignir ætlaðar til útleigu eða sölu en ekki til notkunar hjá félaginu. Þær eru metnar á gangvirði í reikningsskilunum í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 40. Við gangvirðismatið er stuðst við fasteignamat á eignum í eigu félagsins sem verðleiðrétt er með vísitölu íbúðarverðs í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu, en fasteignamat tekur mið af viðskiptum með fasteignir í febrúar ár hvert.

Við höfum yfirfarið útreikninga á gangvirðismati og staðfest hækkun á vísitölu íbúðaverðs sem notuð er við matið. Þá höfum við fengið yfirlit yfir eignir í eigu félagsins frá Þjóðskrá Íslands og staðfest heild og tilvist fasteigna.

Við höfum átt viðræður á árinu við endurskoðunarnefnd og stjórn félagsins um hvort beiting staðals IAS 40 sé heimil eða viðeigandi, sjá nánar á bls. 27.

# Helstu áherslur við endurskoðun

## Viðskipti við tengda aðila


Allar rekstrareiningar 

Reykjavíkurborg á nokkur viðskipti við B-hluta fyrirtæki, sem einnig eiga í viðskiptum sín á milli. Viðskipti við tengda aðila náðu meðal annars til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og álagningar opinberra gjalda, sem og annarra þjónustusamninga og eignakaupa.

Stærstu einstöku viðskipti milli fyrirtækja borgarinnar á árinu eru kaup Reykjavíkurborgar á lóð í eigu Faxaflóahafna sf. að Sævarhöfða 33 en umsamið kaupverð nam 1,1 ma.kr. Við sölu myndaðist um 624 m.kr. söluhagnaður hjá Faxaflóahöfnum sem færður er út í samanteknum ársreikningi A- og B-hluta.

Endurskoðun okkar á viðskiptum við tengda aðila felst í yfirferð á stærstu hreyfingum og afstemmingum á viðskiptastöðum milli félaga. Þá höfum við einnig kannað hvort einstök viðskipti eða ákvæði þjónustusamninga séu í öllum megintriðum sambærileg og við ótengda aðila.

## Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti

Allar rekstrareiningar 

Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum ber endurskoðendum að ganga út frá því að áhættan sé fyrir hendi að stjórnendur kunni að sniðganga innra eftirlit. Við höfum því framkvæmt endurskoðunaraðgerðir sem viðbrögð við þeirri áhættu í öllum rekstrareiningum.

Helstu aðgerðir er snúa að dagbókarfærslum, ss. yfirferð á óhefðbundnum færslum og greiningu á færslum sem gætu verið vísbendingar um sviksemi. Þá er sniðganga stjórnenda í innra eftirliti alltaf höfð til hliðsjónar við yfirferð á matskenndum liðum reikningsskilanna. Þá höfum við einnig skipulagt aðgerðir við endurskoðun launa sem m.a. eru viðbrögð við þessari áhættu.

## Skuldbindingar utan efnahags og ábyrgðir



Gerð er grein fyrir skuldbindingum utan efnahagsreiknings í ársreikningum. Um er að ræða skuldbindingar vegna rekstrar- og þjónustusamninga sem Reykjavíkurborg er aðili að og ábyrgðir á tilteknum skuldum vegna kirkjubýgginga. Þá er jafnframt upplýst um skuldbindingar A-hluta Reykjavíkurborgar vegna B-hluta fyrirtækja utan efnahags.

Við höfum yfirfarið upplýsingar í ársreikningi um skuldbindingar utan efnahagsreiknings og ábyrgðir og lagt mat á réttmæti þeirra, auk þess að hafa skipulagt endurskoðunaraðgerðir til að leita eftir vísbendingum um samninga, ábyrgðaryfirlýsingar eða annað sem gæti gefið tilefni til skuldbindinga utan efnahagsreiknings sem greina þarf frá.

# Kafli 2

## Rekstrarniðurstaða A-hluta




# Rekstrarreikningur A-hluti

## Helstu niðurstöður rekstrarreiknings A-hluta

- Rekstrarafgangur A-hluta Reykjavíkurborgar nam 4,7 ma.kr. á árinu samanborið við 5,0 ma.kr. afgang árið áður.
- Skatttekjur og framlag jöfnunarsjóðs nemur samtals 100,0 ma.kr., hækka um 8% milli ára. Útvarstekjur borgarinnar hafa aukist um 8% milli ára, helst í hendur við íbúafölgun og hækkun launavísitölu. Fasteignaskattar hafa aukist um 13% milli ára. Framlag jöfnunarsjóðs nemur 7,4 ma.kr. og er svipað og árið áður.
- Aðrar tekjur nema 19,7 ma.kr. á árinu, þar á meðal 3,5 ma.kr. vegna sölu byggingarréttar og úthlutaðra lóða. Aðrar tekjur eru helstar þjónustutekjur, eignatekjur og aðrar sértekjur sviða. Aðrar tekjur dragast saman um 16% milli ára, helst vegna lægri tekjufærslu af seldum byggingarréttum.
- Laun og launatengd gjöld aukast um 3% milli ára, en 10% ef horft er framhjá 3,7 ma.kr. gjaldfærslu vegna lífeyrissframlags til Brúar lífeyrissjóðs á árinu 2017. Launahækkun skýrist helst af aukningu stöðugilda hjá borginni en þau aukast um 7% auk samningsbundinna hækkana.
- Annar rekstrarkostnaður nemur 41,8 ma.kr. og eykst um 8% milli ára.
- Afskriftir ársins aukast á milli ára um 6% nema 4,9 ma.kr. Helst má rekja aukningu til nýfjárfestingar.
- Hrein fjármagnsgjöld nema 0,5 ma.kr. á árinu en hreinar fjármunatekjur námu 0,5 ma.kr. árið á undan. Viðsnúninginn má helst rekja til lægri arðs af eignarhlutum og lægri vaxtatekjum af lausafé.

<i>i m.kr.</i>	2018	2017	%
Skatttekjur og framlag jöfnunarsjóðs	100,0	92,2	8%
Aðrar tekjur	19,7	23,6	-16%
Laun og launatengd gjöld	-63,2	-61,1	3%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	-4,7	-7,0	-33%
Annar rekstrarkostnaður	-41,8	-38,5	8%
<b>Rekstrarhagnaður án afskrifta</b>	<b>10,1</b>	<b>9,2</b>	<b>10%</b>
Fyrningar	-4,9	-4,7	6%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-0,5	0,4	-202%
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>4,7</b>	<b>5,0</b>	<b>-5%</b>



# Efnahagsreikningur A-hluti

## Helstu niðurstöður efnahagsreiknings A-hluta

- Heildareignir A-hluta námu 204,5 ma.kr. í árslok 2018, aukast um 10% milli ára.
- Varanlegir rekstrarfjármunir nema 145,3 ma.kr. og samanstanda af fasteignum, gatnakerfum og áhöldum og tækjum auk þess sem leigusamningar sem uppfylla skilyrði um eignfærslu eru reiknaðir upp og færðir meðal fastafjármuna. Eignfærslur ársins að frádregnum gatnagerðargjöldum námu 16,1 ma.kr., fyrningar 4,9 ma.kr. og endurmat lóða og lenda nemur 6,1 ma.kr., en það er fært yfir eigið fé.
- Meðal áhættufjármuna og langtímakrafna eru veitt stofnframlög, eignarhlutir í félögum, þ.a.m. B-hluta fyrirtækjum, kröfur á Orkuveitu Reykjavíkur auk ýmissa langtímakrafna vegna seldra byggingarrétta og úthlutaðra lóða. Samtals er bókfært verð þessara eigna 34,5 ma.kr. og aukast um 1,6 ma.kr. frá áramótum, helst vegna veittra stofnframlaga og krafna vegna seldra byggingarrétta.
- Veltufjármunir nema 24,7 ma.kr., þar af handbært fé 10,0 ma.kr. Veltufjárhlutfall er 122%.
- Lífeyrisskuldbinding nemur 35,6 ma.kr. og eykst um 2,0 ma.kr. milli ára.
- Langtímaskuldir nema 52,4 ma.kr. á árinu, aukast um 5,4 ma.kr. á milli ára. Reykjavíkurborg gaf út ný skuldabréf að fjárhæð 6,6 ma.kr. á árinu.
- Skammtímaskuldir nema 19,9 ma.kr. á árinu samanborið við 19,2 ma.kr. í upphafi ársins.
- Eigið fé A-hluta nemur 96,3 ma.kr. og eiginfjárhlutfall er 48%. Meðal eigin fjár er endurmat lóða og lenda í samræmi við álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar nr. 2/2010 sem nemur 6,1 ma.kr.

<i>i ma.kr.</i>	31.12.2018	31.12.2017	%
Varanlegir rekstrarfjármunir	145,3	128,0	13%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	34,5	32,9	5%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>179,8</b>	<b>161,0</b>	<b>12%</b>
Næsta árs afborganir langtímakrafna	2,5	2,7	-6%
Aðrar skammtímaskuldir	12,1	14,4	-16%
Handbært fé	10,0	7,2	39%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>24,7</b>	<b>24,3</b>	<b>1%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>204,5</b>	<b>185,3</b>	<b>10%</b>

	31.12.2018	31.12.2017	%
<b>Eigið fé</b>	<b>96,3</b>	<b>85,5</b>	<b>13%</b>
Lífeyrisskuldbinding	35,6	33,6	6%
Langtímaskuldir og leiguskuldir	52,4	47,1	11%
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>	<b>88,0</b>	<b>80,7</b>	<b>9%</b>
Næsta árs afb. langt.skulda	2,5	2,5	-2%
Aðrar skammtímaskuldir	17,6	16,6	6%
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>20,1</b>	<b>19,2</b>	<b>5%</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>204,5</b>	<b>185,3</b>	<b>10%</b>



# Kaflí 3

## Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta og helstu B-hluta félaga




# Rekstrarreikningur A- og B-hluti

## Helstu niðurstöður rekstrarreiknings A- og B-hluta

- Hagnaður A- og B-hluta nam 12,3 ma.kr. á árinu samanborið við 28,0 ma.kr. hagnað árið áður.
- Rekstrarhagnaður án afskrifta nemur 43,8 ma.kr. og eykst um 4,1 ma.kr. milli ára eða sem nemur 11%. Auknar skatttekjur A-hluta útskýra að mestu aukningu rekstrarhagnaðar, aukning kostnaðarliða helst ekki í hendur við auknar tekjur milli ára.
- Innbyggð afleiða í reikningsskilum Orkuveitu Reykjavíkur hefur veruleg áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins, líkt og undanfarin ár. Gjaldfærsla vegna afleiðunnar nemur 7,5 ma.kr. samanborið við 12,5 ma.kr. tekjufærslu árið á undan. Hagnaður A- og B-hluta dregst saman um 16,1 ma.kr. vegna afleiðunnar að teknu tilliti til skattaáhrifa.
- Matsbreyting fjárfestingarfasteigna Félagsbústaða hf. nemur 3,0 ma.kr. en nam 8,5 ma.kr. árið áður, en hægt hefur á hækkun fasteignaverðs í Reykjavík á árinu 2018.
- Tekjuskattur reiknast af skattskyldri starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur, sveiflur milli ára helgast af áhrifum innbyggðrar afleiðu.

<i>i ma.kr.</i>	2018	2017	%
Skatttekjur og framlag jöfnunarsjóðs	99,5	91,7	8%
Aðrar tekjur	80,5	81,2	-1%
Laun og launatengd gjöld	-77,1	-75,2	2%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	-4,8	-7,0	-32%
Annar rekstrarkostnaður	-54,3	-51,1	6%
<b>Rekstrarhagnaður án afskrifta</b>	<b>43,8</b>	<b>39,6</b>	<b>11%</b>
Fyrningar	-16,7	-15,1	10%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-10,6	-10,5	1%
Áhrif innbyggðar afleiðu OR	-7,5	12,5	-160%
Tekjuskattur	1,4	-5,5	-125%
Matsbreyting fjárfestingarfasteigna	3,0	8,5	-65%
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildar- og dótturf.	-1,0	-1,6	-36%
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>12,3</b>	<b>28,0</b>	<b>-56%</b>



# Efnahagsreikningur A- og B-hluti

## Helstu niðurstöður efnahagsreiknings A- og B-hluta

- Heildareignir A- og B-hluta námu 641,6 ma.kr. í árslok 2018, aukast um 10% milli ára. Eigið fé nemur 317,2 ma.kr. og er eiginfjárlutfall 49%.
- Varanlegir rekstrarfjármunir nema 553,9 ma.kr. og samanstanda af fasteignum, gatnakerfum, áhöldum og tækjum, leigueignum auk veitukerfa. Veitukerfi Orkuveitu Reykjavíkur nema 294,2 ma.kr. að bókfærðu verði eða sem nemur 53% af öllum varanlegum fastafjármunum samstæðunnar. Eignfærslur ársins að frádregnum gatnagerðargjöldum námu 37,8 ma.kr., fyrningar 15,3 ma.kr. og endurmat veitukerfa og lóða lenda nemur 18,5 ma.kr., en það er fært yfir eigið fé.
- Meðal áhættufjármuna og langtímakrafna eru veitt stofnframlög, eignarhlutir í félögum utan samstæðu, tekjuskattsinneign Orkuveitu Reykjavíkur, auk ýmissa langtímakrafna vegna seldra byggingarrétta og úthlutaðra lóða. Samtals er bókfært verð þessara eigna 28,3 ma.kr.
- Veltufjármunir nema 57,4 ma.kr., þar af handbært fé 33,2 ma.kr. Veltufjárlutfall er 112%.
- Meðal skuldbindinga er lífeyrisskuldbinding A-hluta og tekjuskattsskuldbinding Orkuveitu Reykjavíkur, auk skuldbindinga vegna stofnframlaga frá Ríki hjá Félagsbústöðum. Samtals nema skuldbindingar 50,3 ma.kr. og aukast um 10% milli ára.
- Langtímaskuldir nema 218,0 ma.kr. á árinu, aukast um 14,5 ma.kr. á milli ára. Reykjavíkurborg gaf út ný skuldabréf að fjárhæð 6,6 ma.kr. á árinu en einnig jukust skuldir Orkuveitu Reykjavíkur töluvert vegna gengisáhrifa en skuldir eru í stórum hluta í erlendri mynt.
- Innbyggðar afleiður og áhættuvarnarsamningar samanstendur af afleiðusamningum á efnahagsreikningi Orkuveitu Reykjavíkur. Samtals nema innbyggðar afleiður 5,3 ma.kr. til skuldar í árslok samanborið við 2,2 ma.kr. til eignar á síðasta ári. Áhættuvarnarsamningar nema 1,3 ma.kr. til skuldar í árslok samanborið við 0,8 ma.kr. til eignar árið áður.

<i>i ma.kr.</i>	31.12.2018	31.12.2017	%
Óefnislegar eignir	2,0	1,6	24%
Varanlegir rekstrarfjármunir	553,9	503,9	10%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	28,3	25,4	12%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>584,2</b>	<b>530,8</b>	<b>10%</b>
Birgðir	1,6	1,4	13%
Næsta árs afborganir langtímakrafna	1,5	5,8	-73%
Aðrar skammtímakröfur	21,0	21,8	-4%
Handbært fé og bundnar innistæður	33,2	24,0	38%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>57,4</b>	<b>53,1</b>	<b>8%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>641,6</b>	<b>583,9</b>	<b>10%</b>

	31.12.2018	31.12.2017	%
<b>Eigið fé</b>	<b>317,2</b>	<b>285,4</b>	<b>11%</b>
Skuldbindingar	50,3	45,9	10%
Langtímaskuldir og leiguskuldir	218,0	203,4	7%
Innbyggðar afleiður og áhættuv.samningar	5,0	0,7	585%
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>	<b>273,3</b>	<b>250,1</b>	<b>9%</b>
Næsta árs afb. langt.skulda	19,7	16,8	17%
Aðrar skammtímaskuldir	31,4	31,7	-1%
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>51,0</b>	<b>48,5</b>	<b>5%</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>641,6</b>	<b>583,9</b>	<b>10%</b>

## Helstu rekstrarniðurstöður

- Hagnaður tímabilsins nemur 6,0 ma.kr. samanborið við 16,0 ma.kr. árið á undan.
- Rekstrartekjur nema 45,9 ma.kr., hækka um 5% milli ára. Hækkun á tekjum milli ára skýrist einkum af aukinni notkun á heitu vatni, verðbreytingu á álverði, gjaldskrárhækkunum og fjölgun viðskiptavina. Söluhagnaður myndast vegna sölu á tveimur tönkum hjá Veitum.
- Rekstrarhagnaður án afskrifta eykst um 8% milli ára en 4% ef frá er talin 1,1 ma.kr. gjaldfærslu vegna lífeyrisframlags til Brúar lífeyrissjóðs á árinu 2017.
- Matsbreyting fjáreigna og fjárskulda er neikvæð um 7,3 ma.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 8,6 ma.kr. á sama tímabili í fyrra, helgast helst af breytingu á innbyggðri afleiðu OR.
- Varanlegir rekstrarfjármunir námu 303,6 ma.kr. árið 2018 samanborið við 278,0 ma.kr. árið 2017. Aukningin nam um 9% á milli ára sem skýrist helst af þýðingarmun að fjárhæð 11,6 ma.kr. og nýfjárfestingum að fjárhæð 16,0 ma.kr. Einnig átti sér stað endurmat eigna í ON (rafmagnsmeginn) nettó um 8,4 ma.kr.

## Rekstrarreikningur

<i>i millj.kr.</i>	2018	2017	%
Rekstrartekjur	45,9	43,7	5%
Laun og launatengd gjöld	-6,2	-6,6	-6%
Annar rekstrarkostnaður	-11,1	-10,7	4%
<b>Rekstrarhagnaður án afskrifta</b>	<b>28,6</b>	<b>26,4</b>	<b>8%</b>
Fyrningar	-10,3	-9,1	13%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-6,5	-4,5	44%
Áhrif innbyggðar afleiðu OR	-7,2	8,6	-184%
Tekjuskattur	1,4	-5,4	-126%
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildar- og dótturf.	0,0	0,0	216%
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>6,0</b>	<b>16,0</b>	<b>-63%</b>

## Efnahagsreikningur

<i>i millj.kr.</i>	31.12.2018	31.12.2017	%
Óefnislegar eignir	2,0	1,6	24%
Varanlegir rekstrarfjármunir	303,6	278,0	9%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	8,0	7,6	7%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>313,6</b>	<b>287,2</b>	<b>9%</b>
Birgðir	1,0	0,9	9%
Aðrar skammtímakröfur	7,2	10,1	-28%
Handbært fé og bundnar innistæður	18,2	12,4	47%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>26,5</b>	<b>23,4</b>	<b>13%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>340,1</b>	<b>310,6</b>	<b>10%</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>160,8</b>	<b>143,2</b>	<b>12%</b>
Skuldbindingar	13,5	11,7	15%
Langtímaskuldir	133,6	129,8	3%
Innbyggðar afleiður og áhættuv.samningar	5,0	0,7	585%
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>152,1</b>	<b>142,2</b>	<b>7%</b>
Aðrar skammtímaskuldir	27,1	25,1	8%
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>340,1</b>	<b>310,6</b>	<b>10%</b>

## Helstu rekstrarniðurstöður

- Hagnaður tímabilsins nemur 2,4 ma.kr. samanborið við 7,5 ma.kr. árið á undan.
- Rekstrartekjur nema 4,0 ma.kr., hækka um 10% milli ára. Hækkun rekstrartekna má meðal annars rekja til aðgerða við að hækka leigutekjur sem voru að fullu komnar til framkvæmda í lok árs 2017.
- Rekstrarkostnaður eykst um 8% á milli ára. Aukning er helst á framkvæmdagjöldum húsfélaga.
- Fjárfestingarfasteignir nema 83,2 ma.kr., aukast um 8% frá áramótum. Nýfjárfestingar tímabilsins nema 3,2 ma.kr. og matsbreyting nemur 2,8 ma.kr.
- Skuldbindingin vegna stofnframlaga frá borg og ríki nema 1,0 ma.kr., er tilkomin vegna móttækinnna stofnframlaga með endurgreiðslukvöð.

## Rekstrarreikningur

<i>i millj.kr.</i>	2018	2017	%
Rekstrartekjur	4,0	3,7	10%
Laun og launatengd gjöld	-0,3	-0,3	0%
Annar rekstrarkostnaður	-1,9	-1,7	11%
<b>Rekstrarhagnaður án afskrifta</b>	<b>1,8</b>	<b>1,7</b>	<b>10%</b>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-2,4	-1,7	39%
Matsbreyting fjárfestingarfasteigna	2,9	7,6	-61%
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>2,4</b>	<b>7,5</b>	<b>-68%</b>

## Efnahagsreikningur

<i>i millj.kr.</i>	31.12.2018	31.12.2017	%
Fjárfestingarfasteignir	83,2	77,3	8%
Varanlegir rekstrarfjármunir	0,1	0,1	24%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	0,0	0,0	3%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>83,3</b>	<b>77,4</b>	<b>8%</b>
Aðrar skammtímakröfur	0,3	0,2	43%
Handbært fé og bundnar innistæður	0,0	0,0	-69%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>0,4</b>	<b>0,3</b>	<b>25%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>83,7</b>	<b>77,7</b>	<b>8%</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>42,6</b>	<b>40,3</b>	<b>6%</b>
Skuldbindingar	1,0	0,2	430%
Langtímaskuldir	37,5	34,0	10%
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>38,5</b>	<b>34,2</b>	<b>13%</b>
Næsta árs afb. langt.skulda	0,7	0,6	10%
Aðrar skammtímaskuldir	1,8	2,6	-29%
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>2,5</b>	<b>3,2</b>	<b>-22%</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>83,7</b>	<b>77,7</b>	<b>8%</b>



# Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

## Helstu rekstrarniðurstöður

- Rekstrarafgangur varð á rekstri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins sem nam 85,1 m.kr. á árinu, samborið við 335,5 m.kr. afgang árið á undan. Á meðal rekstrarliða á árinu 2017 var 263,5 m.kr. tekjufærsla af endurútreikningi gengistryggðra lána.
- Rekstrartekjur Slökkviliðsins nema samtals 2.927,7 m.kr., þar af framlag frá eigendum 1.576,0 m.kr. en þær eru innheimtar á grundvelli fjárhagsáætlunar. Auknar tekjur eru helst af sjúkraflutningum sem aukast um 7% milli ára og eru 1% umfram fjárhagsáætlun. Þá er einnig nokkur aukning í sértekjum.
- Launakostnaður félagsins nemur 2.319,6 m.kr. á árinu og fjöldi stöðugilda nemur 183 á árinu 2018 samanborið við 161 á árinu 2017, eykst um 7,8% milli ára.

## Rekstrarreikningur

<i>i millj.kr.</i>	2018	2017	%
Rekstrartekjur	2.927,7	2.788,6	5%
Laun og launatengd gjöld	-2.319,6	-2.205,9	5%
Annar rekstrarkostnaður	-463,6	-444,3	4%
<b>Rekstrarhagnaður án afskrifta</b>	<b>144,5</b>	<b>138,4</b>	<b>4%</b>
Fyrningar	-75,7	-80,1	-5%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	16,3	13,7	19%
Aðrir liðir	0,0	263,5	-100%
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>85,1</b>	<b>335,5</b>	<b>-75%</b>

## Efnahagsreikningur

<i>i millj.kr.</i>	31.12.2018	31.12.2017	%
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.921,6	1.922,2	0%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	156,9	162,9	-4%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>2.078,5</b>	<b>2.085,2</b>	<b>0%</b>
Aðrar skammtímakröfur	177,9	145,4	22%
Handbært fé og bundnar innistæður	497,7	494,6	1%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>675,6</b>	<b>640,1</b>	<b>6%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>2.754,1</b>	<b>2.725,2</b>	<b>1%</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>2.112,5</b>	<b>2.027,4</b>	<b>4%</b>
Langtímaskuldir	216,3	220,6	-2%
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>216,3</b>	<b>220,6</b>	<b>-2%</b>
Næsta árs afb. langt.skulda	11,2	10,5	6%
Aðrar skammtímaskuldir	414,2	466,8	-11%
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>425,4</b>	<b>477,3</b>	<b>-11%</b>



## Helstu rekstrarniðurstöður

- Hagnaður varð af starfsemi Faxaflóahafna sf. sem nam 1.752,2 m.kr. á árinu, samanborið við 653,4 m.kr. hagnað árið á undan.
- Rekstrartekjur nema 3.966,7 m.kr. og hækka um 7% milli ára, helst vegna hækkana í skipagjöldum en einnig vegna hærri lóðarleigu sem reiknuð er á grundvelli lóðamats.
- Rekstrarhagnaður án afskrifta eykst um 456,3 m.kr. en á árinu 2017 gjaldfærði félagið 322,3 m.kr. vegna lífeyrisframlags til Brúar lífeyrissjóðs.
- Undir óreglulegum liðum er færður söluhagnaður að fjárhæð 624,3 m.kr. vegna sölu lands í Sævarhöfða til Reykjavíkurborgar.

## Rekstrarreikningur

<i>i millj.kr.</i>	2018	2017	%
Rekstrartekjur	3.966,7	3.692,1	7%
Laun og launatengd gjöld	-983,8	-1.233,0	-20%
Annar rekstrarkostnaður	-1.207,3	-1.139,8	6%
<b>Rekstrarhagnaður án afskrifta</b>	<b>1.775,6</b>	<b>1.319,3</b>	<b>35%</b>
Fyrningar	-698,9	-722,3	-3%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	24,2	16,4	47%
Aðrir liðir	624,3	40,0	1461%
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>1.725,2</b>	<b>653,4</b>	<b>164%</b>

## Efnahagsreikningur

<i>i millj.kr.</i>	31.12.2018	31.12.2017	%
Varanlegir rekstrarfjármunir	12.406,8	12.156,9	2%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	495,2	723,3	-32%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>12.902,0</b>	<b>12.880,1</b>	<b>0%</b>
Næsta árs afborganir langtímakrafna	250,3	284,9	-12%
Aðrar skammtímakröfur	303,1	332,7	-9%
Handbært fé og bundnar innistæður	2.632,2	1.354,1	94%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>3.185,6</b>	<b>1.971,7</b>	<b>62%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>16.087,6</b>	<b>14.851,8</b>	<b>8%</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>14.728,4</b>	<b>13.310,2</b>	<b>11%</b>
Langtímaskuldir	646,0	715,0	-10%
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>646,0</b>	<b>715,0</b>	<b>-10%</b>
Næsta árs afb. langt.skulda	92,3	93,6	-1%
Aðrar skammtímaskuldir	620,9	733,0	-15%
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>713,2</b>	<b>826,6</b>	<b>-14%</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>16.087,6</b>	<b>14.851,8</b>	<b>8%</b>

## Helstu rekstrarniðurstöður

- Hagnaður varð af starfsemi SORPU bs. sem nam 542,2 m.kr. á árinu, samanborið við 427,6 m.kr. hagnað árið á undan.
- Rekstrartekjur nema 4.156,4 m.kr., hækka um 11% milli ára. Hækkun má helst rekja til áhrifa gjaldskrárbreytinga en einnig hefur töluverð aukning átt sér stað í magntölum í urðunarstað og endurvinnslustöðvum.
- Annar rekstrarkostnaður nemur 2.284,4 m.kr. og eykst um 9% milli ára. Helst er aukning í kostnaði í móttöku- og urðunarkostnaði og rekstri endurvinnslustöðva.
- Varanlegir rekstrarfjármunir nema 2.959,6 m.kr. samanborið við 2.027,0 m.kr., aukast um 46% á árinu. Eignfærslur nema 1.163,2 m.kr., þar af um 845,5 m.kr. eignfærður framkvæmdakostnaður vegna gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi.
- Eigendur lögðu félaginu til 350 m.kr. stofnfé á árinu sem lið í fjármögnun nýfjárfestinga í samræmi við fjárhagsáætlun. Ekkert varð að fyrirhuguðum lántökum þar sem framkvæmdir í Álfsnesi frestuðust.

## Önnur atriði

- SORPA annast byggingu, fjármögnun og rekstur endurvinnslustöðva sveitarfélaganna. Þjónustusamningur er í gildi um rekstur þeirra frá árinu 2006. SORPA skal reka endurvinnslustöðvarnar með sem hagkvæmustum hætti og innheimta rekstrarhalla eða endurgreiða rekstrarafgang til sveitarfélaganna miðað við íbúafjölda árlega. Fer fram lokauppgjör í febrúar ár hvert fyrir undangengið ár. Halli var á rekstri ársins 2018 og nam lokauppgjör 13,6 m.kr.

## Rekstrarreikningur

<i>i millj.kr.</i>	2018	2017	%
Rekstrartekjur	4.171,0	3.740,0	12%
Laun og launatengd gjöld	-1.147,3	-1.064,6	8%
Annar rekstrarkostnaður	-2.284,4	-2.102,7	9%
<b>Rekstrarhagnaður án afskrifta</b>	<b>739,4</b>	<b>572,7</b>	<b>29%</b>
Fyrningar	-211,2	-164,3	29%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	13,1	18,1	-28%
Aðrir liðir	0,9	1,0	-16%
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>542,2</b>	<b>427,6</b>	<b>27%</b>

## Efnahagsreikningur

<i>i millj.kr.</i>	31.12.2018	31.12.2017	%
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.959,6	2.027,0	46%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	257,7	379,1	-32%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>3.217,3</b>	<b>2.406,1</b>	<b>34%</b>
Aðrar skammtímakröfur	589,4	628,5	-6%
Handbært fé	825,5	825,5	0%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>1.414,9</b>	<b>1.453,9</b>	<b>-3%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>4.632,2</b>	<b>3.860,1</b>	<b>20%</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>3.513,3</b>	<b>2.621,1</b>	<b>34%</b>
Skuldbindingar	348,9	310,8	12%
Langtímaskuldir	188,4	269,0	-30%
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>537,3</b>	<b>579,8</b>	<b>-7%</b>
Næsta árs afb. langt.skulda	82,0	88,4	-7%
Aðrar skammtímaskuldir	499,7	570,8	-12%
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>581,7</b>	<b>659,1</b>	<b>-12%</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>4.632,2</b>	<b>3.860,1</b>	<b>20%</b>



## Helstu rekstrarniðurstöður

- Tap er af rekstri Strætó bs. á árinu sem nemur 122,9 m.kr. samanborið við 10,4 m.kr. hagnað árið á undan.
- Meðal rekstrartekna er rekstrarframlög eiganda, nema 3.557,4 m.kr., aukast um 10% á milli ára. Rekstrarframlög eru innheimt á grundvelli fjárhagsáætlunar og nema um 42% af rekstrarkostnaði félagsins. Ríkisframlag nemur 905,4 m.kr., eykst um 2% milli ára.
- Aðrar tekjur, fargjöld, tekjur af akstursþjónustu fatlaðra, o.fl. nema 3.855,6 m.kr. og aukast um 6% milli ára. Fargjöld eru þó um 10% undir fjárhagsáætlun þar sem breytingar á leiðakerfi skiluðu ekki tilætlaðri tekjuaukningu.
- Félagið tók lán hjá Lánasjóði Sveitarfélaganna til að fjármagna lífeyrissframlag til Brúar lífeyrissjóðs á árinu 2018. Framlagið er fært meðal langtímakrafna.

## Önnur atriði

- Strætó hefur fengið afhenta nýja rafvagna í kjölfar útboðs frá árinu 2017. Töluverður dráttur varð á afhendingu vagnanna og hefur Strætó nú krafð seljanda um tafabætur sem nema 129,8 m.kr. vegna þessa, enda hafði félagið orðið fyrir ýmsum kostnaði vegna dráttar vagnanna.
- Yfirstandandi er dómssmál vegna akstursútboðs frá árinu 2010. Fyrir liggur að Strætó hefur verið dæmt skaðabótaskyld í málinu en ekki liggur fyrir fjárhæð skaðabóta. Stefnandi hefur sett fram kröfu vegna 266 m.kr. hagnaðarmissis en farið verður fram á dómkvæðningu matsmanns til að meta hinn meinta hagnaðarmissi. Færð var 75 m.kr. skuldbinding í ársreikning vegna málsins á árinu 2017. Í ljósi þess að ekkert hefur breyst í málinu á síðasta ári ef frá er talið mat stefnanda á eigin hagnaðarmissi þótti ekki ástæða til að hækka skuldbindingar vegna málsins.

## Rekstrarreikningur

<i>i millj.kr.</i>	2018	2017	%
Rekstrartekjur	8.318,3	7.740,6	7%
Laun og launatengd gjöld	-2.470,6	-2.556,0	-3%
Annar rekstrarkostnaður	-5.645,8	-5.006,4	13%
<b>Rekstrarhagnaður án afskrifta</b>	<b>202,0</b>	<b>178,1</b>	<b>13%</b>
Fyrningar	-276,7	-190,0	46%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-48,2	22,3	-316%
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>-122,9</b>	<b>10,4</b>	<b>-1283%</b>

## Efnahagsreikningur

<i>i millj.kr.</i>	31.12.2018	31.12.2017	%
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.132,9	1.584,1	35%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	725,7	0,0	-
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>2.858,6</b>	<b>1.584,1</b>	<b>80%</b>
Birgðir	101,8	92,1	11%
Aðrar skammtímakröfur	359,5	353,1	2%
Handbært fé og bundnar innistæður	298,8	926,1	-68%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>760,2</b>	<b>1.371,3</b>	<b>-45%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>3.618,8</b>	<b>2.955,5</b>	<b>22%</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>1.773,5</b>	<b>1.896,4</b>	<b>-6%</b>
Langtímaskuldir	997,8	0,0	-
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>997,8</b>	<b>0,0</b>	<b>-</b>
Aðrar skammtímaskuldir	847,6	1.059,1	-20%
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>847,6</b>	<b>1.059,1</b>	<b>-20%</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>3.618,8</b>	<b>2.955,5</b>	<b>22%</b>

# Kaflí 4

## Ábendingar vegna innra eftirlits og önnur mikilvæg atriði



# Innra eftirlit og fjárhagskerfi

## Veikleikar í innra eftirliti og aðrar ábendingar

Við endurskoðun okkar á ársreikningi Reykjavíkurborgar komu fram vankantar sem við höfum komið á framfæri við stjórnendur, bæði er varðar innra eftirlit og ferli við gerð reikningsskila og fjárhagsupplýsinga. Þá höfum við einnig nokkrar ábendingar fram að færa í þeim tilgangi að styrkja innra eftirlit. Þær ábendingar ásamt viðbrögðum stjórnenda er að finna í sérstakri skýrslu, en helstu niðurstöður eru nefndar hér til hliðar.

## Innri endurskoðun

Hjá Reykjavíkurborg er starfrækt innri endurskoðunardeild. Við teljum hlutverk innri endurskoðunar sérstaklega mikilvægan þátt í eftirlitskerfi borgarinnar. Við skipulagningu endurskoðunar og áhættumat okkar höfum við yfirfarið útgefna skýrslur innri endurskoðunar og fundað með innri endurskoðanda.

Mikilvægt er að skýrslur innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar og annarra sem sinna innri endurskoðun fyrir B-hluta fyrirtæki liggi fyrir við skipulagningu endurskoðunar svo þær nýtist okkur sem best.

## Helstu ábendingar

- Bæta má afstemmingar bankareikninga, ss. tíðni afstemminga, yfirferð þeirra og frágang. Þá er töluvert af bankareikningum á kennitölum borgarinnar sem tengist ekki rekstri hennar og er utan bókhalds, ss. bankareikningar í eigu starfsmannafélaga, foreldrafélaga skóla og minningarsjóða. Til að lágmarka sviksemisáhættu og tryggja yfirsýn yfir fjárreiður borgarinnar þarf að taka fyrir að fleiri slíkir reikningar verði stofnaðir.
- Setja þarf reglur um tekjufærslu byggingarrétta og lóðaúthlutana og mat á kröfum þeim tengdum. Stór hluti söluandvirðis er bundinn í langtímakröfum sem óvissa er um hvenær innheimtist. Vegna yfirvofandi óvissu um horfur í efnahagsmálum er aukin áhætta á að lóðum verði skilað eða framkvæmdum frestað. Innleiða þarf viðunandi verklag til að rýna tapsáhættu eða mögulega frestun á tekjufærslu í heild eða hluta, t.d. ef skilyrðum til afhendingar lóða er ekki uppfyllt eða kröfur njóta vaxtaleysis.
- Innri endurskoðun skilaði skýrslu um eignaskráningu og eftirlit með varanlegum rekstrarfjármunum í ágúst 2018. Eru þar tilgreindar 6 ábendingar sem bregðast þarf við. Við tökum undir athugasemdir innri endurskoðunar og ítrekum mikilvægi þess að brugðist verði tímanlega við þeim. Þá teljum við sérstaklega mikilvægt að skýrari reglur verði settar um hvenær viðeigandi sé að eignfæra eða rekstrarfæra framkvæmdakostnað vegna endurbóta og viðhalds.
- Nokkrum athugasemdum og ábendingum er komið á framfæri varðandi upplýsingatæknimál, m.a. varðandi lokun netaðganga við starfslok starfsmanna.

# Stjórnsýsluendurskoðun

## Kröfur um stjórnsýsluskoðun

Samhliða vinnu við endurskoðun ársins 2018 hefur verið kannað hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélagsins og einstakar ákvarðanir þess séu í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélaga, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

## Mat á eftirlitsumhverfi og aðrar úttektir

Frá árinu 2008 hefur innri endurskoðun framkvæmt mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar og birt skýrslur þess efnis með reglulegum hætti. Þessar úttektir eru mikilvægur þáttur í að bæta almennt umhverfi stjórnsýslu og innra eftirlits. Þá framkvæmir innri endurskoðun árlegar úttektir samkvæmt framlagðri endurskoðunaráætlun.

Á árinu 2018 og fyrri part árs 2019 hefur innra eftirlit með verkframkvæmdum og eignaskráningu hjá Reykjavíkurborg verið sérstaklega til skoðunar hjá innri endurskoðun Reykjavíkurborgar. Sérstakri skýrslu var skilað vegna verkframkvæmda við Nauthólsveg 100 í desember 2018 og annarri skýrslu um verklegar framkvæmdir og innkaupamál almennt í mars 2019.

## Lögmælt verkefni sveitarfélaga

Í október 2018 lagði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið fram yfirlit um lögmælt verkefni sveitarfélaga, þ.e. verkefni sem sveitarfélögum er ýmist skylt eða heimilt að starfrækja skv. lögum. Þá geta sveitarfélög einnig, innan vissra marka, tekið að sér önnur verkefni sem ekki er kveðið á um í lögum sem teljast valkvæð verkefni. Yfirlitið er gagnlegt innlegg í umræðu um skyldur og hlutverk sveitarfélaga.

## Helstu niðurstöður

- Samkvæmt mati innri endurskoðunar á eftirlitsumhverfi borgarinnar frá árinu 2017 eru helst gerðar ábendingar um skort á ferli áhættustýringar og gerð áhættustefnu, stjórnskipulag mannaúðsmála og miðlæga yfirsýn yfir upplýsingatækni. Í febrúar 2019 voru lagðar fram breytingar á skipuriti og stjórnarháttum borgarinnar að undangenginni greiningarvinnu ráðgjafyrirtækisins Stratégía, sem er m.a. ætlað að stuðla að úrbótum á mörgum þessara þátta.
- Við álítum að bæta megi eftirfylgni með ábendingum eftirlitsaðila, ss. innri eða ytri endurskoðenda. Athugasemdir eru lengi í úrvinnslu og lagt er til að verkefninu verði fundinn miðlægur ábyrgðaraðili sem safnar saman athugasemdum frá eftirlitsaðilum, fylgir eftir með þeim einingum borgarinnar sem athugasemdirnar beinast að og upplýsir borgarstjóra og/eða borgarráð reglulega um framgang mála.
- Úttektir innri endurskoðunar hafa leitt í ljós að bæta má efiirlit með verkframkvæmdum þar sem raunkostnaður einstakra verkefna reynist oft langt umfram upphaflega kostnaðaráætlun. Þá voru einnig tilfelli þar sem nægilegar fjárheimildir voru ekki til staðar miðað við samþykktar fjárhagsáætlanir. Niðurstöður okkar eigin úttekta eru af svipuðum toga. Við tökum því undir athugasemdir innri endurskoðunar og ítrekum mikilvægi þess að brugðist verði við þeim tímanlega.



# Önnur mikilvæg atriði

## Málaferli og skaðabótakröfur

Við höfum fengið frá borgarlögmanni samantekt á málaferlum og mögulegum ágreiningsefnum sem leitt gætu til skaðabótakrafna á hendur borginni. Tilgangur yfirferðarinnar er að leggja mat á hvort greina þurfi frá slíkum málum í ársreikningi borgarinnar og mögulega færa upp skuldbindingar vegna þeirra. Engar slíkar skuldbindingar eru færðar í A-hluta í árslok 2018.

Strató bs. hefur fært upp skuldbindingar vegna viðurkenndrar skaðabótakröfu vegna ólögmeis útboðs. Þá er Orkuveita Reykjavíkur í málaferlum vegna uppgjörs gjaldfallinna afleiðusamninga, sjá nánar í skýringu 54 í ársreikningnum.

## Upplýsingagjöf um laun ædstu stjórnenda

Skýring um laun ædstu stjórnenda borgarinnar hefur verið breytt til samræmis við kröfur um upplýsingagjöf útgefanda verðbréfa frá Kauphöll. Eru nú tilgreindar launagreiðslur til borgarstjóra, staðgengla hans, borgarritara og borgarlögmanns sem og kjörinna fulltrúa í ársreikningum. Þessar upplýsingar voru ekki sundurliðaðar áður. Sjá nánar í skýringu 56 í ársreikningnum.

## Óvissar kröfur

Þann 18. apríl 2017 gerði Reykjavíkurborg samning við Vesturbugt ehf. um úthlutun lóða og sölu byggingarréttta á samnefndu svæði. Krafa borgarinnar á hendur Vesturbugt ehf. nemur 1,8 ma.kr. og skulu koma til greiðslu með afhendingu íbúða og bílastæða. Félagið hefur nú tilkynnt að erfiðlega gengur að fjármagna verkefnið og framkvæmdum hefur verið frestað.

Í janúar 2018 samþykkti borgarráð samning við GN studios ehf. um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar í Gufunesi. Söluverð byggingarréttar nemur 1.290 m.kr. og fjárhæð gatnagerðargjalda 374 m.kr. Samtals nemur krafa á GN studios því 1.664 m.kr. sem kemur til greiðslu samhliða uppbyggingu á svæðinu. Tekjufærsla vegna samningsins hefur verið frestað þar sem afhending lóða hefur ekki farið fram og krafan því ekki færð í bækur.

Reykjavíkurborg hefur gert ýmsa samninga um úthlutunir lóða og sölu byggingarréttta á árunum 2017 og 2018. Samtals nema langtímakröfur 6,5 ma.kr. að nafnverði í bókum borgarinnar. Til að mæta þeirri óvissu sem kann að vera um tímasetningu á innheimtu krafna og vegna annarra óvissuþátta hefur verið færð 650 m.kr. viðbótar varúðarfærsla í reikninginn og tekjur lækkaðar sem því nemur.

## Rekstrarhæfi Félagsbústaða

Athygli er vakin á því að rekstur Félagsbústaða hf. á árinu 2018 stendur ekki undir afborgunum lána. Samkvæmt eigendastefnu félagsins skal rekstur þess vera sjálfbær og grípa þarf því til aðgerða til að snúa þeirri þróun við. Slíkar aðgerðir gætu falist í hækkun tekna, hagræðingar í rekstri eða fjárframlaga frá A-hluta svo dæmi séu tekin. Vakin er athygli á því að við gerð 5 ára fjárhagsáætlunar var niðurstaða stjórnenda sú að auka þyrfti tekjur um 3-5% á árinu 2019 til að rekstur félagsins stæði undir sér.

## Reikningsskilaaðferðir Félagsbústaða

Við höfum átt viðræður við endurskoðunarnefnd um reikningsskilaaðferðir Félagsbústaða, þá sérstaklega beitingu alþjóðlega reikningsskilastadalsins IAS 40 við mat á fasteignum félagsins í útleigu (fjárfestingareignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning). Rætt hefur verið hvort reikningsskilaaðferðin sé óviðeigandi fyrir starfsemi sem þessa og færa ætti eignir í samræmi við IAS 16 (á kostnaðarverði eða endurmat yfir eigið fé).

Við teljum óumdeilt að beiting aðferðarinnar er heimil samkvæmt IFRS, félaginu er í raun valkvætt hvaða aðferð það beitir og getur hæglega breytt um reikningsskilaaðferð kjósi það að gera svo.

# Önnur mikilvæg atriði



## Leiðrétting á eigið fé 1. janúar 2018

Orkuveita Reykjavíkur breytti forsendum um áætlun lotun tekna á árinu vegna innbyggðrar skekkju í útreikningum. Skekkjan náði til árana 2015-2017. Skekkjan var það há gagnvart reikningsskilum Orkuveitunar að ekki þótti ásættanlegt að leiðrétting færi fram í gegnum rekstrarreikning ársins 2018. Fóru því fram afturvirkar leiðréttingar á reikningsskilunum og hluti skekkjunar færð yfir eigið fé.

Ekki þótti ástæða til að leiðrétta samanburðarfjárhæðir í samanteknum ársreikningi A-og B-hluta Reykjavíkurborgar þar sem áhrifin á samstæðuna eru óveruleg. Leiðrétting á eigið fé samstæðunnar nemur 597,7 m.kr. vegna þessa.



© 2018 Grant Thornton International Ltd. All rights reserved.

Grant Thornton® refers to the brand under which the Grant Thornton member firms provide assurance, tax and advisory services to their clients and/or refers to one or more member firms, as the context requires.

Grant Thornton endurskoðun ehf. is a member firm of Grant Thornton International Ltd (GTIL). GTIL and the member firms are not a worldwide partnership. GTIL and each member firm is a separate legal entity. Services are delivered by the member firms.

GTIL does not provide services to clients. GTIL and its member firms are not agents of, and do not obligate, one another and are not liable for one another's acts or omissions.

[www.grantthornton.global](http://www.grantthornton.global)